Neistinn

Fréttabréf styrktarfélags hjartveikra barna 1. tbl. 15. árgangur 2017

Árshátíð

Samantekt: Elín Eiríksdóttir

Fjölmennasta árshátíð Neistans hingað til var haldin í Galasalnum í Kópavogi. Laugardagurinn 8. apríl varð fyrir valinu í ár. Gísli Einarsson tók að sér að vera veislustjóri fyrir okkur og gestirnir skemmtu sér hjartanlega yfir gamanmálum hans. Grillvagninn matreiddi ofan í okkur góðan mat og eftirrétt. Tryggvi Vilmundar, trúbador, mætti og spilaði fyrir okkur nokkur lög. Í ár var innanhússskemmtiatriði spunnið í kringum hlaupahóp Hjartamæðra sem söfnuðu pening til að uppfæra heimasíðu félagsins sem var einnig frumsýnd á árshátíðinni. Í kjölfarið veittum við Kolbrúnu Ýr viðurkenningu en hún safnaði mest í Reykjavíkurmaraþoninu 2016. Árshátíðinni var svo slúttað með DJ Njalla sem hélt uppi stuði langt fram eftir. Gaman var að sjá unga hjartafólkið okkar fjölmenna á árshátíðina. Við vonum að það hafi skemmt sér vel og komi aftur að ári.

EFNISYFIRLIT

2 ÁRSHÁTÍÐ

3 EFNISYFIRLIT OG FRÉTTIR

4 GOTT MÁLEFNI ÞARFNAST FJÁRMAGNS

5 PISTILL FORMANNS

6 ALÞJÓÐLEG VITUNDARVIKA UM MEÐFÆDDA HJARTAGALLA

6 BLÓÐSÖFNUNARDAGUR BLÓÐBANKANS OG NEISTANS

7 HÚFUVERKEFNI NEISTANS

8 HLAUPANDI HJARTAMÖMMUR

9 FJÖRUGT JÓLABALL NEISTANS

10 UNGLINGAHÓPUR NEISTANS: KEILA Í EGILSHÖLL

10 HJÁLPARHELLUR

12 MAÐUR ÞARF AÐ LÆRA AÐ ÞIGGJA AÐSTOÐ FRÁ VELVILJUÐU FÓLKI

16 ÓMUR BARNSHJARTANS Í EYÐIMÖRKINNI

22 BÍÓFERÐ OG PÁSKABINGÓ

ÚTGEFANDI: Neistinn - Styrktarfélag hjartveikra barna
RITSTJÓRI: Páll Kristinn Pálsson
netfang: pallkristinnpalsson@gmail.com
ÁBYRGÐARMAÐUR: Fríða Björk Arnardóttir
HÖNNUN OG UMBROT: Sólveig Rolfsdóttir / solla.net
PRENTUN: Prentmet
HEIMILISFANG: Síðumúla 6, 108 Reykjavík
GSM: 899 1823
NETFANG: neistinn.is
VEFFANG: neistinn@neistinn.is
FRÆÐLSUVEFUR NEISTANS: hjartagattin.neistinn.is

FORSÍÐUMYND: Kristófer Leví
LJÓSMYNDATAKA: Hrafnhildur Linnet Runólfsdóttir

Gullhjartað – fyrir Neistann

Guðbjörg Kr. Ingvarsdóttir skartgripahönnuður og Sigga Heimis iðnhönnuður hafa sameinað krafta sína og unnið saman að verkefni til styrktar Neistanum sem nefnist Gullhjartað.

Gullhjartað er unnið út frá upprunalegu glerhjarta sem Sigga Heimis hannaði í samstarfi við Glerlistasafnið Corning Museum of Glass. Boðskapurinn með glerverkefninu er að öll erum við eins að innan og samtímis ábending til fólks á vöntun á líffæragjöfum í heiminum. Líffærin hafa vakið athygli á heimsvísu og verið sýnd á ýmsum sýningum.

Þann 21. mars síðastliðinn voru kynnt tólf stykki af 24 karata gullhjörtum í verslun Aurum í Bankastræti 4. Hvert þeirra kostaði 85 þúsund krónur og rann allur ágóði óskiptur til Neistans. Þau eru öll seld!

En í framhaldi af velgengni Gullhjartans mun Guðbjörg bjóða til sölu silfurhjarta sem kostar 24 þúsund og silfurhjarta með 18 karata gyllingu á 34 þúsund krónur. Svo enn gefst velunnurum Neistans tækifæri til að eignast eða gefa fallegan skartgrip og styrkja um leið verðugt málefni!

Gott málefni þarfnast fjármagns

Neistinn er styrktarfélag hjartveikra barna og aðstandenda þeirra. Starfsemin gengur bæði út á að veita þeim félagslegan stuðning og fjárhagslega styrki eftir mætti, þar sem langvinn veikindi koma oft verulega niður á fjárhagsafkomu heimilanna. Fjáröflun er því stór þáttur í starfi Neistans og fer fram með ýmsum hætti. En hægt er að styrkja starfið beint með framlagi á reikning okkar í Landsbankanum. Reikningsnúmerið er 0101-26-777147 og kennitala Neistans 490695-2309.

BOLIR OG KLÚTAR

Nú er hægt að verða sér úti um svo gagnlega hluti sem snjallsímaklút og stuttermaboli og styrkja Neistann í leiðinni. Snjallsímaklúturinn kostar aðeins 500 kr. og stuttermabolurinn 2500 kr. Pantanir í síma 8991823 eða á netfanginu neistinn@neistinn.is.

EYRNALOKKAR

Á hinni árlegu víkingahátíð við Fjörukrána í Hafnarfirði í fyrra voru seldir eyrnalokkar (Askur Yggdrasils) sem víkingurinn Grétar Hermannsson gaf til styrktar Neistanum. Það gekk svo vel að leikurinn verður endurtekinn á næstu hátíð, sem fram fer 15. - 18. júní. Hvert par kostar aðeins 1500 krónur. Einnig er hægt að nálgast lokkana hjá Söndru Valsdóttur, varaformanni Neistans, í síma 661-2447, í gegnum Facebook-síðu Neistans eða senda póst á neistinn@neistinn.is.

MINNINGARKORT

Neistinn hefur einnig tekjur af sölu minningarkorta, sem afgreidd eru á skrifstofu Hjartaheilla í síma 899-1823 eða á heimasíðu okkar: www.neistinn.is

Alvogen
Alþýðusamband Íslands
Apótekarinn - lægra verð
www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

LITLIR HATTAR, STÓR HJÖRTU!

Þá fer að líða að lokum fyrsta ársins sem ég sit sem formaður Neistans. Ég kann ekki að sitja auðum höndum og elska að taka þátt í verkefnum sem skipta mig og mína máli.

Í upphafi árs 2014 hófst bið eftir hjartabarninu okkar. Ég, Hörður maðurinn minn og Rakel Helga stjúpdóttir mín biðum spennt og í september mætti Hákon Torfi á svæðið og við tók stórt og krefjandi verkefni. Við fórum með hann út til Lundar í Svíþjóð strax eftir fæðingu og vorum úti í mánuð. Eftir heimkomu fórum við að kynna okkur Neistann og allt sem félagið hefur upp á að bjóða. Á dagskrá var spilakvöld fyrir foreldra hjartabarna og við ákváðum að skella okkur og kíkja á hvort þetta væri eitthvað sem hentaði okkur. Eftir það kvöld var ekki aftur snúið. Í janúar 2015 var ég farin að aðstoða stjórn Neistans og var kosin í stjórnina á aðalfundi í maí.

2015 var stórafmælisár Neistans og mikið af stórum viðburðum yfir árið. Í kjölfarið sáum við að það væri kominn tími á að fá framkvæmdarstjóra til starfa. Fríða Björk, fyrrverandi formaður, var ráðin í starfið og ég bauð mig fram sem formann. Þarna er sonur minn rúmlega eins og hálfs árs og ég komin á fullt í stjórn Neistans. Ég gæti ekki hugsað mér að hafa þetta öðruvísi og er þakklát fyrir að geta gefið til baka í þetta frábæra félag sem er búið að vera kletturinn okkar.

Við leggjum okkur fram við að hafa fjölbreytta viðburði og reynum að hafa viðburð í hverjum mánuði. Í lok nóvember bauð Eldsmiðjan okkur í pítsu til sín í tilefni af 30 ára afmæli þeirra. Einar Mikael töframaður kom og skemmti yngri kynslóðinni og gaf þeim töfrabókina sína.

Í desember var svo komið að jólaballinu okkar. Við boðuðum félagsmenn í safnaðarheimilið í Grensáskirkju 11. desember og mikill fjöldi kom saman og gerði sér góðan dag.

Í janúar hittist unglingahópurinn okkar í Keiluhöllinni í Egilshöll. Þeim var boðið í pítsu og keilu og áttu notalega stund saman þar sem mikið var spjallað og hlegið. Janúar var góður mánuður þar sem félagsmönnum var líka boðið í bíó. Laugarásbíó bauð upp á hina bráðskemmtilegu mynd um Billa Blikk.

Febrúar er svo einn af stóru mánuðunum okkar. Þá fögnum við alþjóðlegu vitundarvikunni sem er 7.-14.febrúar. Þetta er í annað skiptið sem við tökum þátt í henni og munum gera árlega. Blóðsöfnunardagurinn var á sínum stað á fimmtudeginum en þennan dag vinnum við í samstarfi við Blóðbankann. Félagið bíður upp á andlitsmálningu og pössun fyrir börnin á meðan foreldrar gefa blóð. Okkur þykir vænt um þennan dag og vonumst til að fólk festi þennan dag fyrir blóðgjöf á hverju ári. Við bættum svo um betur og tókum okkur til fyrirmyndar amerískt húfuverkefni sem mun bætast í þessa viku hjá okkur. Þetta verkefni kallast „little hats, big hearts“ og felst í því að öll nýfædd börn fá gefins rauða húfu. Við fengum til liðs við okkur hóp af sjálfboðaliðum sem prjónuðu fjöldann allan af húfum og við gáfum til barna sem fæddust í vikunni okkar.

Í marsmánuði var svo Bingóið okkar haldið í Vinabæ. Mikil gleði er alltaf á þessum viðburði þar sem yngri félagsmenn spila upp á skemmtilega vinninga.

Að lokum langar mig að þakka öllum þeim sem hafa styrkt okkur og rétt hjálparhönd. Hjartans þakkir til ykkar, án ykkar værum við ekki þetta flotta félag sem við erum í dag.

Elín Eiríksdóttir
Formaður Neistans

ALÞJÓÐLEG VITUNDARVIKA UM MEÐFÆDDA HJARTAGALLA

Dagana 7. - 14. febrúar ár hvert er alþjóðleg vika meðfæddra hjartagalla (CHD awareness week). Í þessari viku er sérstök áhersla lögð á að fræða almenning um meðfædda hjartagalla, hetjurnar sem lifa með þá alla sína ævi, fjölskyldur þeirra og lífið með hjartagalla. Á þessu ári tók Neistinn þátt í vitundarvikunni af miklum myndarskap. Við völdum eina setningu á dag til að kynna meðfædda hjartagalla á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum. Þessar setningar voru auglýstar á Facebook og víðar á netinu með myllumerkingunum #einstokhjortu og #chdawarenessweek. Á myndum sem fylgja má meðal annars sjá skiltin 8 en setningarnar voru þessar:

• Sun. 7. feb. „Vissir þú að hjartagallar eru algengustu fæðingargallarnir?“
• Mán. 8. feb. „Vissir þú að á Íslandi fæðast um 70 börn á ári með hjartagalla? “
• Þri. 9. feb. „Vissir þú að börn með meðfædda hjartagalla hafa mörg þurft á blóðgjöf að halda?”
• Mið. 10. feb. „Vissir þú að langflest hjartabörn lifa löngu og góðu lífi? Minnumst þeirra sem látist hafa.”
• Fim. 11. feb. „Vissir þú að vegna framfara í læknavísindum fjölgar fullorðnum „hjartabörnum” hratt?”
• Fös. 12. feb. „Vissir þú að sum börn með meðfæddan hjartagalla eru með gangráð?”
• Lau. 13. feb. „Vissir þú að sum börn þurfa að fara í margar hjartaaðgerðir, innanlands og erlendis? ”
• Sun. 14. feb. „Vissir þú að börn sem fæðast með hjartagalla fara sum í aðgerð aðeins fárra daga gömul?”

Þá dreifðum við slagorðum sem margir stoltir aðstandendur hjartabarna tóku upp í prófíl sinn á Facebook. Þúsundir manna skoðuðu skiltin og deildu á samfélagsmiðlum. Heimildamyndin 70 lítil hjörtu eftir Pál Kristin Pálsson var kynnt til sögunnar á ný, tenglum á hana dreift á Netinu og almenningur hvattur til að kynna sér efni hennar. Þarna er enda á ferð góð kynning á málefnum okkar í skiljanlegri framsetningu. Myndina er hægt að sjá á Vimeo (vimeo.com/42640755). Hápunktur vikunnar var svo blóðsöfnunardagur sem skipulagður var í samvinnu við Blóðbankann 9. febrúar.

Blóðsöfnunardagur Blóðbankans og Neistans

Fimmtudaginn 9. febrúar hvöttu Blóðbankinn og Neistinn alþjóð sérstaklega til að gefa blóð. Hjartabörn hafa býsna mörg þurft að nota þjónustu bankans og vildum við, aðstandendur þeirra, þakka fyrir okkur með því að gefa blóð og hvetja aðra til samflots. Blóðsöfnunin stóð allan fimmtudaginn 9. febrúar, kl. 08:00 - 19:00, í Blóðbankanum. Þar vorum við með barnapössun, andlitsmálun og blöðrur og léttar veitingar – veglegri en venjulega - voru í boði Blóðbankans. Mikil stemmning skapaðist og var blóðgjöfin alveg með mesta móti að mati Jórunnar Óskar Frímannsdóttur hjá Blóðbankanum. Eins og sjá má á myndunum sem fylgja var létt yfir mannskapnum.

BRAMMER www.brammer.is
BYKO GERUM ÞETTA SAMAN
BÓNUS
Bílabúð Benna Sérfræðingar í bílum

HÚFUVERKEFNI NEISTANS:
Litlir hattar, stjór hjörtu!

Í vitundarvikunni um meðfædda hjartagalla ákvað stjórn Neistans að hefja vinnu við húfuverkefni að amerískri fyrirmynd, en Bandarísku hjartasamtökin og félag hjartveikra barna í Ameríku hafa staðið fyrir svona verkefni sem kallast „little hats, big hearts“.

Með traustri og mikilvægri aðstoð sjálfboðaliða og hjartavina, tók Neistinn sig til og prjónaði og gaf öllum nýburum sem fæddust þessa viku fallega, rauða húfu til að heiðra baráttu hjartveikra barna, en árlega fæðast um 70 hjartveik börn á Íslandi.

Við þökkum öllum kærlega fyrir ómetanlegu aðstoðina við þetta verkefni okkar!

Myndin er eftir Stefaníu Reynis, en hún gaf Neistanum vinnu sína til að styðja við þetta fallega verkefni.



HLAUPANDI HJARTAMÖMMUR

Eftir Jónínu Sigríði Grímsdóttur

Hugmyndin vaknaði á hlaupabrettinu í byrjun vetrar 2016. Ég var að koma mér aftur af stað eftir að lífið heima við var komið nokkurn veginn í fastar skorður. Það var of langt þar til ágúst kæmi með Reykjarvíkurmaraþonið og vantaði mig hvatningu til að koma mér í gang og halda mér þar. Ég vildi hinsvegar fá fleiri en bara mig í gang og enduðum við á að vera sextán hjartamömmur, úr hlaupahópnum Hjartamömmum, sem tóku þátt í þessu verkefni. Markmiðið var að þétta hópinn, fá fleiri til að hlaupa, kynnast nýjum mömmum og safna pening fyrir nýrri heimasíðu Neistans.

FYRIR NÝJA HEIMASÍÐU

Þessum sextán Hjartamömmum var skipt niður í fjögur lið og kepptum við okkar á milli. Átakið stóð yfir í sex vikur og fengum við til liðs við okkur sextán fyrirtæki sem komu að þessu verkefni í formi peningastyrkja og gjafa sem hvöttu okkur áfram. Allur peningurinn fer síðan óskiptur til Neistans upp í nýja heimasíðu samtakanna: www.neistinn.is. Það er svo sannarlega kominn tími á að uppfæra síðuna og gera hana aðgengilega öllum og öllum tækjum.

NÆSTUM Í KRINGUM LANDIÐ

Við Hjartamömmur vorum heldur betur duglegar á þessum sex vikum og hlupum við samtals rétt um 1200 kílómetra, sem er tæplega hringurinn í kringum landið. Þetta er virkilega góður árangur miðað við að við vorum í allskonar formi. Sumar okkar eru vanir hlauparar en aðrar að stíga sín fyrstu skref. Það er von mín að þetta ýti hópnum enn meira saman og þegar æfingar fyrir Reykjarvíkurmaraþonið hefjast í vor að það verði stór hópur af Hjartamömmum að æfa saman, skapa minningar og sækja styrk í hvora aðra.

SAMFÉLAGSMIÐLARNIR NÝTTIR

Ævintýrinu voru gerð góð skil á samfélagsmiðlunum Facebook, Instagram og Snapchat. Stofnuð var „like“ síða fyrir hlaupahópinn Hjartamömmur þar sem liðin og liðsmenn þess voru kynnt til leiks. Einnig var staðan eftir hverja viku birt inni á síðunni og var oft mjótt á munum milli tveggja efstu liðanna. Keppnisskapið var gríðarlegt og hvöttu liðin hvort annað áfram. Snapchat var einnig vel nýtt meðan á átakinu stóð. Hver Hjartamamma var með aðganginn tvo daga í senn þar sem hún kynnti sig, hjartabarnið sitt og stundum fengu fylgjendur að fara með í hlaupatúr dagsins. Aðgangurinn safnaði fylgjendum ört og voru hátt í 400 manns að fylgjast með á hverjum degi. Við munum nýta þessa miðla áfram þegar nær dregur Reykjarvíkurmaraþoninu til að kynna þær Hjartamömmur sem hlaupa til styrktar Neistanum, sýna frá æfingum og daglegu lífi.

ÁRVISS VIÐBURÐUR

Ég vona að þetta verkefni verði árviss viðburður sem heldur okkur við efnið og eykur þáttöku þeirra sem hlaupa fyrir Neistann í Reykjarvíkurmaraþoninu, hvetur okkur áfram og styrkir böndin okkar á milli.

Á árshátíð Neistans munum við afhenda stjórn Neistans upphæðina sem safnaðist, og verð ég að segja að fyrir mitt leyti er ég mjög spennt að sjá nýja heimasíðu líta dagsins ljós!

Við fórum hlaupandi inn í nýtt ár og förum á harða spretti inn í vorið. Endilega setjið „like“ við Hlaupahópinn Hjartamömmur á Facebook og Instagram og hvet ég alla til að bæta Hjartamömmum við á Snapchat með notandanafninu hjartamommur.

Sprettharðar hjartamömmur.

FJÖRUGT JÓLABALL NEISTANS

Hið árlega jólaball Neistans var haldið 11. desember síðastliðinn í Safnaðarheimili Grensáskirkju. Þangað mætti mikill fjöldi félagsmanna og gerðu sér glaðan dag. Allir komu með veitingar á borðið og stórhljómsveit SÍBS spilaði fyrir okkur. Tveir alvöru jólasveinar kíktu í heimsókn og dönsuðu með börnunum í kringum jólatréð. Þeir voru í gjafastuði og með gotterí í poka sem þeir gáfu börnunum. Frábær viðburður sem kemur alltaf öllum í jólaskap!

Unglingahópur Neistans:
KEILA Í EGILSHÖLL

Unglingahópurinn byrjaði árið snemma að þessu sinni en fyrsti hittingur okkar var 3. janúar síðastliðinni og þá var farið í Keiluhöllina, þar sem krakkarnir gæddu sér á pítsum og spiluðu keilu í boði hússins.

Við áttum þarna alveg frábæra stund saman, mikið spjallað og hlegið. Hjartans þakkir fyrir okkur Keiluhöllin og Shake & pizza.

Næsti hittingur verður vonandi fljótt og verður þá auglýstur á Facebook-síðu Neistans sem og Heimasíðunni, fylgist með! Hópurinn heldur áfram að vaxa og dafna og hvetjum við alla hjartaunglinga á aldrinum 13 - 18 ára að koma og vera með okkur.

STYRKIR

Hjálparhellur

Pottormur afhendir Fríðu Björk Arnardóttur framkvæmdastjóra Neistans styrkinn.

Pottormar í Hafnarfirði

Sundhópurinn Pottormar hittist nær daglega í Suðurbæjarlaug í Hafnarfirði. Synda þar saman og eiga svo gott spjall í heita pottinum á eftir. Í upphafi þorrans hittist hópurinn í þorraveislu og gæddi sér á dýrindis veitingum. Var þetta áttunda árið í röð sem blásið var til slíkrar veislu í sundlauginni á þorranum. Hver og einn sundgarpur lagði til pening í sjóð í tilefni veislunnar, sem ákveðið var að rynni óskiptur til Neistans.

Hjartans þakkir Pottormar!

Postular bifhjólasamtök

Þann 31. janúar síðastliðinn var okkur í Neistanum boðið í kvöldkaffi á Selfossi hjá bifhjólasamtökunum Postular. Valur, fyrrum formaður Neistans og búsettur á svæðinu, fór fyrir okkar hönd og tók við veglegum styrk frá samtökunum til okkar.

Hjartans þakkir kæru Postular!

Valur Stefánsson, fyrrum formaður Neistans, veitir styrknum viðtöku úr hendi Kristjáns Þorsteinssonar, formanns Postula.

Þrítug Eldsmiðjan býður heim!

Í tilefni 30 ára afmælis Eldsmiðjunnar var félagsmönnum Neistans boðið í flotta pítsuveislu. Á meðan fjölskyldurnar gæddu sér á dýrindis pítsum nutum við fagurs pianóleiks. Eftir matinn kom Einar Mikael töframaður og skemmti börnunum jafnt sem fullorðnum. Hjartans þakkir fyrir frábæran dag Eldsmiðjan og til hamingju með afmælið!

NEISTINN ÞAKKAR FYRIR STUÐNINGINN

Reykjavík
A. Margeirsson ehf
Aðalverkstæði ehf
Aðalvík ehf
Almerking ehf
Analytica ehf
Apparat ehf
Arctic Rafting
Arctic Trucks Ísland ehf
ARGOS ehf - Arkitektastofa
Grétars og Stefáns
Arkís arkitektar ehf
ASK Arkitektar ehf
Augað gleraugnaverslun
Auglýsingastofan ENNEMM
Aurum Lífstíll
Áltak ehf
ÁTVR Vínbúðir
Bakarameistarinn ehf
Balance ehf
Balletskóli Sigríðar Ármann ehf
Barnalæknaþjónustan ehf
Barnatannlæknastofan ehf
Bending 1 ehf
Bergsson mathús
Berserkir ehf
BGI málarar ehf
Birtingahúsið ehf
Bílanaust ehf
Bílasmiðurinn hf
Blaðamannafélag Íslands
Blikksmiðja Reykjavíkur
Blikksmiðjan Glófaxi hf
Blómagallerí ehf
Body Shop
Borgarpylsur
Borgir ehf, fasteignasala
Bókhald og skattskil slf
Bókhaldsstofa Haraldar slf
Bólstrarinn ehf
Brauðhúsið ehf
Breiðan ehf
Brim hf
Brúskur hársnyrtistofa
- s: 587 7900
Brynja, Hússjóður
Öryrkjabandalagsins
Búálfurinn sportbar ehf
Byggingafélagið Þumall ehf
Bændur í bænum
Couture, fataverslun
Danica sjávarafurðir ehf
Dansport ehf
Dýralæknastofa Reykjavíkur ehf
E.T. hf
Eðalbílar ehf
Efling stéttarfélag
Eignamiðlunin ehf
Eignaumsjón hf
Eimskip Ísland ehf
Eirvík-heimilistæki ehf
Ferill ehf, verkfræðistofa
Félag íslenskra bifreiðaeigenda
Félag íslenskra
hjúkrunarfræðinga
Félag skipstjórnarmanna
Fjarvirkni slf
Fjárhald ehf
Fríkirkjan í Reykjavík
Fulltingi slf
G.Á. verktakar sf
Gallerí Fold
Garðheimar
Garðs Apótek ehf
GB Tjónaviðgerðir ehf
Geiri ehf
- umboðs- og heildverslun
Gilbert úrsmiður
- www.jswatch.com
Gjögur hf
Gróðrarstöðin Mörk
GTG endurskoðun ehf
Guðmundur Arason ehf
- smíðajárn
Gullkistan skrautgripaverslun
- www.thjodbuningasilfur.is
Gullsmiðurinn í Mjódd
Gúmmísteypa Þ. Lárusson ehf
Hagi ehf - Hilti
Hampiðjan hf
Hárgreiðslustofa Hrafnhildar ehf
Heggur ehf
Heimsferðir ehf
Helgason og Co ehf
Henson Sports
Hilmar D. Ólafsson ehf
Hjá Dóra ehf - matsala
Hljóðbók.is - hljóðvinnslan
Hollt og gott ehf
Hókus Pókus ehf
Hópferðarþjónusta Reykjavík ehf
Hótel Frón ehf
Hótel Óðinsvé
Hreinsitækni ehf
Höfðakaffi ehf
Höfði fasteignasala
IG Ferðir ehf
Isavia
Íslandsstofa
Íslenskir aðalverktakar hf
Ísmar ehf
Ísold ehf
Jarðafl ehf
Járn og gler ehf
Juris slf
K & S flutningar píanó búslóðir
K. Pétursson ehf
K·R·S·T Lögmenn
Kanon arkitektar hf
Kemía sf - www.kemia.is
Kjöthöllin ehf
Klettur - sala og þjónusta ehf
Klettur - Skipaafgreiðla ehf
KOM almannatengsl
Kortaþjónustan hf
Landsbréf hf
Landsnet hf - www.landsnet.is
Landssamband lögreglumanna
Lásaþjónustan ehf
LC Ráðgjöf ehf stjórnunar-og
rekstrarráðgjöf
Le Bistro, franskur bistro &
vínbar
Lifandi vísindi
Lindin, kristilegt útvarp
Lífland og Kornax
Lífstykkjabúðin ehf
Lyfjaver ehf
Lögmenn Höfðabakka ehf
Lögmenn Lækjargötu ehf
Lögskil ehf
Margt smátt ehf
María Elíasdóttir tannlæknir
Matthías ehf
Málarameistarar ehf
MB bílar
MD vélar ehf - www.mdvelar.is
Möggurnar í Mjódd ehf

Guli miðinn
FYRIR OKKUR
ENGLABÖRNIN
Falleg föt á stelpur og stráka...
Kringlunni sími 552 2201
HB GRANDI
Icelandair Hotels
www.icelandairhotels.com

Maður þarf að læra að þiggja aðstoð frá velviljuðu fólki

Viðtal: Páll Kristinn Pálsson

Ingibjörg Ólafsdóttir sjúkraliði og Bryngeir Stefánsson íþróttakennari eignuðust hjartadrenginn Kristófer Leví árið 2014. Fyrir áttu þau dótturina Önnu Maríu og hann einnig Dagbjörtu Li. Sjálf var Ingibjörg einnig hjartastelpa á sínum tíma.

„Sem barn var ég mikið í íþróttum og um níu ára aldur byrjaði ég allt í einu að blána upp í framan eftir einhvern leikinn," segir Ingibjörg um tímann er meðfæddi hjartagalli hennar gerði fyrst vart við sig. „Ég fór til heimilislæknis sem sendi mig áfram til barnalæknis, sem kom reglulega til Vopnafjarðar á þeim tíma, á mánaðarfresti eða eitthvað svoleiðis. Þetta var eldri maður og ég man að hann sagði við mömmu eftir að hafa skoðað mig að ég þyrfti að hvíla mig almennilega og svo liði þetta bara hjá. Og ég man hvað ég skammaðist mín fyrir mömmu þegar hún barði í borðið og heimtaði að ég færi í almennilega skoðun.

Þetta var líklega árið 1994 og pabbi hafði farið í hjartaaðgerð ári fyrr, það var þó alveg óskylt mínu ástandi. Hann er fæddur 1953 og hafði frá unga aldri verið með það sem núna er kallað hjartaóhljóð, en það var ekkert gert í því þegar hann var að vaxa úr grasi. Hann var sem sagt orðinn fertugur þegar hann fór loks í ómskoðun. Þá kom í ljós hversu alvarlegt ástandið var á hjartanu hans og það þurfti að græða í hann gerviloku. Þannig að mamma var hörð á því að það væri eitthvað að hjá mér, eða vildi alla vega ekki að ég fengi svipaða meðhöndlun og pabbi á sínum tíma – en ég sem sagt skammaðist mín fyrir ákveðnina í henni, að hún heimtaði að ég færi suður til Reykjavíkur í skoðun hjá sérfræðingi. Læknirinn samþykkti það á endanum og sendi bréf til Hróðmars Helgasonar hjartalæknis. Svo fór ég til Reykjavíkur og átti að vera heilan dag í rannsóknum. Hróðmar byrjaði á því að taka hjartalínurit og sá strax að ég var með risagat á milli gátta sem lokaði sér ekki sjálft. Á þessum tíma var nýbyrjað að framkvæma slíkar aðgerðir hér á landi og ákveðið var að ég færi umsvifalaust í aðgerð – og hún gekk bara vel."

Hvaða áhrif hafði aðgerðin á líðan þína?

„Áður en ég var skoðuð hafði verið leitt að því getum að annað hvort væri eitthvað að hjartanu eða að ég væri með astma. Þetta reyndist svo vera bæði og eftir aðgerðina lagaðist hjartagallinn og ég fann ekki meira fyrir honum, en hélt áfram að finna fyrir astma eftir áreynslu. Sex mánuðum eftir aðgerðina tók ég reyndar þátt í Landsbankahlaupi á Vopnafirði og sigraði þar. Svo þetta tókst allt vel og hefur ekkert háð mér síðan."

Ingibjörg 9 ára ásamt Hróðmari Helgasyni hjartalækni.

Mörgum árum síðar eignastu svo sjálf barn með hjartagalla?

„Já, við eignuðumst fyrst Önnu Maríu árið 2012 og ég man að á meðgöngunni hugsaði ég mikið um hvort hún gæti verið með eins hjartagalla og ég. Ljósmóðirin sem fylgdi mér vildi endilega að við hittum Hróðmar og létum hann tékka á því. Hann sagði okkur að börn fæddust með op á milli gátta sem lokast oftast af sjálfu sér nema hjá þeim sem væru með þennan galla. Hann sá ekkert athugavert við fóstrið og það bendir allt til þess að hún hafi alveg sloppið við hjartagalla.

Þegar ég gekk með Kristófer Leví mundi ég eftir því sem Hróðmar hafði sagt á fyrstu meðgöngunni og hafði engar áhyggjur af hjartagalla í fóstrinu. En í 20 vikna skoðuninni fengum við að vita að það sæist í höfðinu vökvafyllt blaðra við

Fyrsta snertingin.

litla heila. Taugalæknir sagði okkur að hún tengdist taugakerfinu og rætt var um hvort við ættum að stöðva meðgönguna eða ekki. Hjartagalli var þá ekkert inni í myndinni og við ákváðum að halda meðgöngunni áfram.

Á 30. viku sást einhver vökvi við lungun og það var fyrst þá sem kallað var á Hróðmar að skoða þetta. Hann taldi að þetta væri sennilega ekkert sem þyrfti að meðhöndla. Það væri þarna einhver þrenging í lungnaslagæðinni en hún ætti að lagast. Ég gekk því fulla meðgöngu með drenginn sem tekinn er með keisara þegar tíminn var kominn og hann var strax færður á vökudeildina. Það var ýmislegt í gangi, hann þurfti til dæmis að fá dren til að losna við sogæðavökva sem safnast hafði fyrir.

Eftir sólarhring á vökudeildinni rauk hjartslátturinn svo allt í einu upp og því fylgdi einnig hjartsláttarflökt og hann var settur á lyf við þessu. En það var fleira að, við fengum seinna að vita að hann væri með afbrigði af svokölluðu Dandy-Walker-heilkenni sem tengist taugakerfinu og hefur áhrif á ýmsa líkamshluta, svo sem vöðvana. Kristófer Leví er núna orðinn þriggja ára og er enn linur í vöðvunum. Hann getur ekki gengið sjálfur og nærist í gegnum sondu, er með snonduhnapp á maganum, og ýmislegt fleira er að hrjá hann. Þetta virðist þó ekki skerða andlegan þroska hans, hann gengur við göngugrind og framtíðin mun leiða í ljós hvort hann á eftir að geta gengið án stuðnings eða ekki. Hann fór til dæmis ekki að skríða fyrr en rúmlega tveggja ára gamall.

Læknarnir hafa mikið verið að velta ástandi hans fyrir sér. Dandy-Walker heilkennið, sem er frekar sjaldgæft hér á landi, er greint út frá vökvablöðrunni við litla heilann en hann hefur einnig greinst með svokallað Noonan-heilkenni og okkur var sagt á Greiningardeildinni að þar hafði aldrei sést barn með þetta einkenni sem væri eins mikið veikt og Kristófer Leví. Hann tekur allar pestir sem ganga, lungun í honum hafa tvisvar sinnum fallið saman og þá þurfti hann að leggjast á gjörgæsludeild, af því hann var svo slappur fyrir að hann gat ekki hóstað sjálfur. Það hefur dregið úr þessu í seinni tíð, hann hefur styrkst mikið og getur hóstað sjálfur en svo fáum við heimahjúkrun þar sem hann er bankaður til að losa um slím sem myndast í lungunum þegar hann fær umgangspestirnar."

Hvernig gengur með talið?

„Hann notar tákn með tali, er byrjaður á því. Hann myndar hljóð, en við vitum ekki hvernig framhaldið verður. Okkur er sagt að fólk með Noonan-heilkenni geti oft talað, en eigi erfitt með að tala skýrt. En hann skilur mann alveg og notar táknin sín í samskiptum við okkur.

Noonan-heilkennið stafar af stökk-

breyttum litningagalla, sem þýðir að hann hefur ekki erfst frá okkur foreldrunum. En þetta blandast saman við Dandy-Walker-heilkennið, jafnvægistruflanirnar sem það veldur hefur mikil áhrif á göngugetuna. Noonan-heilkennið fylgir oft meðfædda hjartagallanum sem Hróðmar greindi, eða þrengingu á lungnaslagæð. Kristófer Leví var einnig með stórt gat á milli gátta, ásamt fyrrnefndri hjartsláttaróreglu og hann var settur á lyf við því. Hann var svo nýlega tekinn af þeim lyfjum og það virðist ætla að ganga vel.

Öll fölskyldan samankomin.

Kristófer Leví hefur farið tvisvar sinnum í aðgerðir út til Lundar í Svíþjóð. Hann var sjö vikna gamall þegar við fórum fyrst með hann út í þræðingu. Vorum úti í 10 daga og þræðingin gekk vel og skilaði því sem til var ætlast þegar hún var gerð. En opið á milli gátta lokaðist ekki og þrengingin í lungnaslagæðinni var áfram til staðar, svo við fórum aftur með hann út níu mánaða gamlan í opna aðgerð. Hún gekk brösuglega eins og stundum vill verða þegar aðrir kvillar eru einnig að hrjá einstaklinginn, til að mynda slímmyndunin í lungunum . Hann var í sex daga á gjörgæsludeildinni eftir aðgerðina og útlitið var í sannleika sagt ekki mjög efnilegt um tíma. En svo jafnaði hann sig hægt og bítandi, við vorum úti í mánuð og hefur gengið þokkalega síðan.

Annað sem setti líka strik í allt dæmið var að við sex mánaða aldurinn, og áður en Kristófer Leví fór í opnu hjartaðgerðina, kom í ljós við skoðun að öll líffærin sneru öfugt í kviðnum á honum, sem kallaði á aðgerð hér heima og heilmikil veikindi sem fylgdu henni. Mér fannst alveg magnað að barnið, sem hafði verið þvílíkt skoðað, segulómað og röntgenmyndað og ég veit ekki hvað, að það skyldi ekki hafa sést fyrr að líffærin snéru öfugt í kviðnum."

Hverjar eru horfur Kristófers Levís núna?

„Hróðmar er bara nokkuð ánægður með ástandið núna. Lungnaslagæðalokan lekur þó töluvert, svo það er nokkuð líklegt að hann eigi eftir að fara í aðra aðgerð síðar og fá ígrædda gerviloku. Það er ekki stórmál og fylgst mjög vel með hvernig málin þróast á meðan hjartað stækkar meðfram hækkandi aldri drengsins. En álagið hefur verið mjög mikið alveg frá fæðingu og núna um jólin þegar Hróðmar sagðist líklega ekki þurfa að sjá okkur aftur fyrr en í maí – þá ætluðum við varla að trúa okkar eigin eyrum, að eiga í vændum svo langt tímabil án þess að þurfa að ræða við hjartalækninn. Það var ofsaleg skrítin en góð tilfinning."

Það er óhætt að segja að áhrif alls þessa á tilveru ykkar hafi verið gífurleg …

„Já, og á meðan þetta hefur allt verið að gerast hefur maðurinn minn verið að veikjast. Hann var að greinast með meniere-sjúkdóminn sem lýsir sér í jafnvægistruflunum, svimaköstum og fleiru sem tengist heyrninni. Hann er líka með slitgigt, var mikill hlaupari en varð að hætta því og hafði það einnig mikil áhrif á andlega heilsu hans. Þegar ég gekk með Kristófer Leví var hann að gangast undir örorkumat en er núna kominn á örorku, þannig að þetta er búinn að vera mjög erfiður tími hjá okkur fjölskyldunni."

Hvernig upplifið þið stuðning kerfisins?

„Þegar maður er sífellt með annan fótinn inni á Barnaspítala Hringsins þá kynnist maður auðvitað þessum málaflokki frá öllum hliðum. Við eigum mjög góða lækna og hjúkrunarfólk sem gerir allt sem það getur, en það er grátlegt að horfa upp á hvað þau hafa yfir takmörkuðu fé og þar með úrræðum úr að moða. Það er svo margt í kerfinu sem þyrfti að laga. Við erum vissulega þakklát fyrir það sem við höfum fengið. Eins og staðan er í dag, þá hefur hjálpað okkur mikið að kynnast Leiðarljósi, sem er stuðningsmiðstöð fyrir fjölskyldur barna með sjaldgæfa og langvinna sjúkdóma. Reyndar mun vera ætlunin að loka henni á næstunni og verður mikil eftirsjá að henni."

Hvað með ykkar eigin fjarhagslegu afkomu?

„Hún er alls ekki góð, sérstaklega ekki eftir að maðurinn minn hefur þurft að hætta að vinna. Ég er bara á foreldragreiðslum, umönnnunarbótum, enda Kristófer Leví svo oft veikur og þarfnast umönnunar hér heima. Þetta er auðvitað áfall, en við erum heppin að vera bæði utan af landi, ég frá Vopnafirði og Bryngeir frá Reyðarfirði. Við fengum styrk frá hinum ýmsu félögum á Vopnafirði, og svo hélt leikfélagið á staðnum skemmtikvöld á jólunum í fyrra og rann öll innkoma til okkar. Einnig fengum við styrki frá einstaklingum sem hjálpaði mikið þegar við vorum sem mest inn á spítalanum.

Ingibjörg og Kristófer Leví í göngutúr.

Það er reyndar skrítið og eitt af því sem maður þarf að læra, að þiggja aðstoð frá velviljuðu fólki.

Við bjuggum í Álfheimum í Reykjavík, en sú íbúð hentaði okkur engan veginn, þar var ekkert aðgengi fyrir fatlaða. Um síðustu jól fengum við svo í íbúð í eigu Brynju, húsnæðisfélags Öryrkjabandalagsins, í Hafnarfirði og teljum okkur mjög heppin að hafa fengið hana. Kristófer Leví er í dagvistun á Lyngási, sem er rekinn af Ás styrktarfélagi fyrir einstaklinga með þroskahömlun. Hann er mjög ánægður þar og okkur líkar mjög vel við allt þar, en það er hins vegar stefnt að því að hann fari á venjulegan leikskóla, þar sem hann þarf meiri örvun frá jafnöldrum en honum býðst á Lyngási.

Svo má ekki gleyma Neistanum, sem hefur veitt okkur mjög dýrmætan stuðning, bæði fjárhagslega og félagslega. Ég er þar til dæmis í hópi Hjartamæðra sem er frábær félagsskapur. Það gerir manni svo gott að hitta manneskjur sem eru í svipaðri stöðu og maður sjálfur.“

Marz
SEAFOOD

ÓMUR BARNSHJARTANS Í EYÐIMÖRKINNI

Eftir Sigurð Sverri Stephensen hjartalækni

Við stöndum við vegarkantinn í eyðimörkinni og gónum út í buskann. Sandurinn er gráleitari en ég átti von á, svona grágulur og teygir sig svo langt sem augað eygir. Engir úlfaldar, engir asnar, engin Bedúínatjöld. Bara þessi þráðbeini vegur einsog blýantsstrik á gráum pappír. Það er 20 stiga hiti í janúar og ég velti fyrir mér hvað ég hafi verið að hugsa þegar ég ákvað að ferðast hingað í flíspeysu.

